

30. fundur veitustjórnar haldinn þriðjudaginn 24. febrúar 2009 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 16.00.

Fundinn sátu: Ragnar Magnússon, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn Axel Thorsteinson, Páll Jóhannsson, , Gunnar Hallgrímsson, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri sem skráði fundargerð.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. **Athugun á borun í landi Lauga í Hrunamannahreppi:** Hannibal veitustjóri sagði frá fundi sem hann hefur átt með landeigendum vegna hugsanlegs áframhalds á borun eftir heitu vatni í hreppnum. Mjög hagstætt munnlegt tilboð hefur borist frá Jarðborunum. Einnig sagði veitustjóri frá fundi sem hann og sveitarstjóri höfðu átt með Ásbirni Blöndal, verkfræðingi hjá Hitaveitu Suðurnesja um nýtingarmöguleika á heitu vatni í Hrunamannahreppi.
2. **Átaksveita – staða:** Veitustjóri sagði frá verkstöðu varðandi hitaveituframkvæmdir í Átaksveitu. Búið er að leggja hitaveitulögn upp að Hruna en þar hefur einnig verið komið upp dælu og dæluhúsi. Veitustjóri og formaður veitustjórnar hafa hitt aðila í Skeið- og Gnúpverjahreppi sem Átaksveitan verður lögð til vegna greiðslu á stofnkostnaði. Rætt hefur verið við forsvarsmenn KB banka um kaup á skuldabréfum komi til þess að menn nýti sér þá möguleika til greiðslu á stofnkostnaði.
3. **Ársreikningur 2008:** Endurskoðendur vinna nú að endurskoðun ársreikning s Hitaveitu Flúða 2008.
4. **Önnur mál.**
 - Veitustjóri sagði frá því að Set hafi gert hagstætt tilboð í efni til lagningar hitaveitu að Hrafnkelsstöðum. Stefnt er að því að leggja nýja lögn að Hrafnkelsstaðarbæjunum næsta sumar.
 - Veitustjóri sagði frá aðalfundi Samorku sem haldinn var s.l. föstudag.
 - Veitustjóri sagði frá undirbúningi á fyrirhugaðri vettvangs- og skoðunarferð í Skagafjörð.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 17.10